

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknasjóð æðaskurðlækninga
sem staðfest var 8. maí 2001, nr. 379/2001, sbr. staðfestingu á breytingu
á skipulagsskrá stofnunarinnar 18. janúar 2008, nr. 139/2008.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 3 læknar með lögheimili á Íslandi. Formaður, gjaldkeri og ritari.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Þeim stjórnarmönum sem voru stofnendur sjóðsins skv. upphaflegri stofnsskrá sjóðsins frá 8. maí 2001, er heimilt að skipa eftirmann sinn, ef þeir óska að láta af störfum. Aðalfund skal halda á hverju ári og stjórnarfundi að auki eftir þörfum. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundum stjórnar þegar þurfa þykir.

9. gr. orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí ár hvert.

Gerð ársreiknings og færsla bókhalds skal falin aðila með reynslu og þekkingu á því sviði.

10. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá þessari má breyta ef stjórnin telur það nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Allir stjórnarmenn þurfa að samþykkjá breytingarnar. Slíkar breytingar þurfa að hljóta samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra á sama hátt og skipulagsskráin. Aldrei má breyta ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Rannsóknasjóð æðaskurðlækninga, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. maí 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Snjólaug Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2016